

Áætlun um refaveiðar 2026-2028



Efnisyfirlit

Markmið og staða	3
Refastofninn og veiðialag	4
Áætlanir sveitarfélaga	6

Náttúruverndarstofnun 30. júní 2026

Mynd á forsíðu: Wayne Marinovich from Getty Images, Canva Pro Teams

Náttúruverndarstofnun

Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur, Hvolsvöllur

Sími: 556 6800

nattura@nattura.is

nattura.is

Natura Conservaton Agency

Markmið og staða

Náttúruverndarstofnun hefur unnið áætlun um refaveiðar sem byggir á „Áætlun til þriggja ára um refaveiðar 2023-2025“ og uppgjöri á þeirri áætlun.

Helstu niðurstöður uppgjors síðustu áætlunar eru eftirfarandi:

- Nokkuð vel tókst að koma út fjármagni til sveitarfélaganna og almenn sátt um fyrirkomulagið. Þó voru áætlanir hærri en raunkostnaður.
- Árleg veiði var á bilinu 6.262–7.268 dýr.
- Samningar voru upphaflega gerðir við 57 sveitarfélög og fengu þau endurgreiðslu hluta kostnaðar vegna refaveiða yfir samningstímann. Einhver sveitarfélög sameinuðust á samningstímanum.
- Samvinna milli sveitarfélaga um áætlanir um refaveiðar tókst ekki vel, engin sveitarfélög sameinuðust um áætlun.
- Upplýsingar um staðsetningu grenja eru almennt góðar, þó vantar upplýsingar um hvort grenin séu í ábúð á hverju ári.
- Skráning á tjóni af völdum refs var lítil, engin skráning barst stofnuninni beint frá fjárbændum en örfáar tilkynningar bárust vegna tjóns í æðarvarpi.
- Skil á dýrum vegna rannsókna til Náttúrufræðistofnunar voru nokkuð góð frá flestum svæðum.
- Í lok tímabilsins lá hvorki fyrir nýtt stofnstærðarmat né mat á ákjósanlegri verndarstöðu stofnsins eins og stefnt var að. En þegar þessi áætlun er gefin út í júní 2026 er þeirri vinnu lokið og er það mikið fagnaðarefni.

Ný áætlun 2026 til 2028 byggir á nokkrum verkþáttum sem komu fram í síðustu áætlun og í samræmi við niðurstöður uppgjors síðustu áætlunar:

- Markviss grenjaskráning sem gefur upplýsingar um ábúðarhlutfall, þéttleika og búsvæðaval.
- Auka áherslu á rétta skráningu veiðimanna eftir hlauparefum, grendýrum og yrðlingum.
- Kalla eftir sérstökum áherslusvæðum innan sveitarfélags (verndarsvæði sem mikilvægt er að verja t.d. vegna fuglalífs með veiðum á ref).

Áfram verður lögð áhersla á að taka tillit til sanngirnissjónarmiða til að tryggja að íbúar í fámennum en landstórum sveitarfélögum greiði ekki stærstan hluta af þeim kostnaði sem varið er til refaveiða. Fámenn en landstór svæði gætu því fengið hlutfallslega hærri mótframlög en sveitarfélög sem eru landlítill.

Nú hefur Náttúrufræðistofnun gefið út og kynnt niðurstöður áralangrar rannsóknar á stofnstærð og stöðu íslenska refastofnsins. Það mat er grundvöllur þess að unnt sé að hefjast

handa við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir refastofninn fáist samþykki og fjármagn til að hefja þá nauðsynlegu vinnu.

Endurskoðun á því lagaumhverfi sem refaveiðarnar byggjast á er einnig mjög aðkallandi og verður að skoða í samhengi við stofnstærðarmat Náttúrufræðistofnunar og samhliða gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Að mati Náttúruverndarstofnunar er sérstaklega mikilvægt að meta og endurskoða hver sé raunverulegur grundvöllur veiða á ref sem tegund í íslenskri náttúru. Slík endurskoðun er m.a. nauðsynleg vegna þess að Náttúruverndarstofnun (og áður Umhverfisstofnun) hefur á sl. árum ekki borist nema fáeinar tilkynningar um tjón af völdum refa, en skv. núgildandi löggjöf eru veiðar á ref grundvallaðar á því að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum sbr. 12. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Miðað við skort á skráningum á tjóni er það skýrt mat Náttúruverndarstofnunar að forsendur séu í raun brostnar fyrir áframhaldandi veiðum á ref með því fyrirkomulagi sem er við lýði í dag. Stofnunin telur því ljóst að það þurfi að fara í heildstæða endurskoðun á grundvelli veiðanna og öllu fyrirkomulagi þeirra, tilgangi, áherslum, samningum við sveitarfélög um endurgreiðslur o.fl. sem við á. Tillögur um allt það sem hér er nefnt munu koma fram í kjölfar gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir refastofninn.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að sveitarfélög hvetji veiðimenn til að senda hræ af felldum dýrum til Náttúrufræðistofnunar til krufninga. Mikilvægt er að fá gott þversnið af stofninum og því óskar Náttúrufræðistofnun eftir því að fá send hræ af öllum svæðum og árstímum. Nánari upplýsingar og leiðbeiningar má nálgast á vefsíðu stofnunarinnar (<https://www.ni.is/greinar/medferd-og-innsending-hraeja>).

Refastofninn og veiðiálag

Minnisblað frá Ester Rut Unnsteinsdóttur, spendýravistfræðingi hjá Náttúrufræðistofnun sem sinnir vöktun á íslenska refastofninum, dags. 28. maí 2026

„Íslenski refastofninn var mögulega í hámarki þegar veiðistjóraembættið var stofnað árið 1958 og nákvæm skráning árlegra veiða hófst. Miðað við veiðitölur fór stofninn minnkandi næsta áratuginn og náði sögulegu lágmarki í kringum 1980. Eftir það hefur verið unnið mat á lágmarksstærð refastofnsins að haustlagi, með útreikningum á aldursgreindum hluta aflans. Strax í upphafi níunda áratugarins tók refum að fjölga, hægt í fyrstu en mun hraðar eftir 1997 og náði stofninn hámarki um 2008 (Ester R. Unnsteinsdóttir 2021)¹. Vöxt refastofnsins á þessum tíma má rekja til bættra lífsskilyrða, annars vegar vegna aukins fæðuframboðs þar sem hlýnandi veðurfar hafði jákvæð áhrif á fugla, t.d. fýla og heiðargæsir (Snæbjörn Pálsson

¹ Ester Rut Unnsteinsdóttir 2021. Íslenski melrakkinn – Fyrsti hluti. Stofnbreytingar, veiðar og verndun. Náttúrufræðingurinn 91(3–4): 97–111.

o.fl. 2016)² og hins vegar vegna þess að rými var til fjölgunar refaðala því stofninn hafði verið faliðaður og dreifður (Ester R. Unnsteinsdóttir o.fl. 2016)³. Árleg meðalveiði síðustu tíu ára eru um 6.600 refir, þar af er um þriðjungur veiddir sem yrðlingar á grenjatíma. Veiðitölur hvers veiðiárs eru skráðar hjá NVS frá september til ágúst og skiptast í hlaupadýr, grendýr og yrðlinga. Það er þó einungis á grenjatíma, frá maí til ágúst, sem allir þessir hópar eru veiddir. Á tímabilinu september til maí eru öll dýr skráð sem hlaupadýr í veiðinni. Nýtt stofnlíkan, sem hefur verið í vinnslu sl. þrjú ár, byggir á frekari greiningu aflans og skiptingu ársins í þrjú tímabil, í samræmi við árstíðabundna atburði í líffræði refa og skráningu veiða eftir tímabilum: 1. fyrir tímgun (jan-apr), 2. grenjatími (maí-ágú) og 3. eftir tímgun (sep-des). Jafnframt gerir líkanið greinarmun á kyni og aldri grendýra og hlaupadýra sem veidd eru utan grenjatíma og eru öll skráð í veiðinni sem fullorðin dýr. Stofnmatið er nú gert fyrir fjölda fullorðinna dýra sem eru á lífi í upphafi tímgunar að vorlagi því ekki er talið rétt að halda áfram að setja fram áætlaðan lágmarksfjölda að haustlagi, eins og áður hefur verið gert, enda er þá uppistaða stofnsins yrðlingar frá nýliðnu sumri og dánartíðni er há meðal dýra á fyrsta vetri. Niðurstöður nýs stofnlíkans sýna að á tímabilinu frá 2011 til 2024 fækkaði fullorðnum refum að vorlagi úr 7.800 í 4.700 dýr⁴. Ástæður fækkunar má rekja bæði til minni nýliðunar og aukinnar dánartíðni en refum fækkaði mest á norðvesturhluta landsins.

Rannsóknir og grenjaskráning

Í áætluninni 2023-2025 var lagt til að sveitarfélög skyldu sjá til þess að Náttúrufræðistofnun (NÁTT) sé send hræ af tilteknu hlutfalli af veiddum dýrum. NÁTT hefur það hlutverk að sjá um vöktun á refastofninum og hún er að stórum hluta unnin þannig að veiðimenn senda inn hræ af unnum dýrum sem eru síðan krufin og aldursgreind til að fá þau gögn sem þarf til að leggja mat á viðkomu og vanhöld og stærð refastofnsins. Á móti fá sveitarfélög/veiðimenn upplýsingar um þá refi sem þau senda inn, auk skýrslu um ástand íslenska refastofnsins og annan fróðleik.

Almennt gekk vel að fá sýni af flestum landsvæðum á tímabilinu. Þó vantar sárlega upplýsingar af Suðausturlandi, Reykjanesi og Vesturhluta Vestfjarða. Þar sem sendingarkostnaður á frystivöru er hár þarf að skipuleggja sýnasöfnunina vel, í samráði við NÁTT og einnig nærliggjandi náttúrustofur þar sem það á við.

Grenjaskráning var mjög misjöfn eftir sveitarfélögum en þetta eru mikilvæg gögn til að leggja mat á nýliðun eftir landsvæðum og afar brýnt að skilað sé upplýsingum um hvaða svæði er leitað, hve mörg greni voru í ábúð og ekki síst hve mörg greni voru ekki í ábúð. Hægt er að skila upplýsingum með GPS hnitum eða nöfnum á grenjum. Upplýsingar um nöfn á grenjum eru mikilvægar þar sem yfirleitt er farið á sömu greni ár eftir ár. Eins þarf að skila upplýsingum um fjölda yrðlinga á hverju greni. Upplýsingar úr grenjavinnslu eru mjög mikilvægar í mati á þróun stofnsins og stofnstærðar. Því ítarlegri gögn sem fást, því nákvæmara verður stofnmatið.

² Snæbjörn Pálsson, P. Hersteinsson, E.R. Unnsteinsdóttir og Ó.K. Nielsen 2015. Population limitation in a non-cyclic arctic fox population in a changing climate. *Oecologia*: DOI:10.1007/s00442-015-3536-7

³ Ester Rut Unnsteinsdóttir, P. Hersteinsson, S. Pálsson og A. Angerbjörn 2016. The fall and rise of the Icelandic Arctic fox (*Vulpes lagopus*): a 50-year demographic study on a non-cyclic Arctic fox population. *Oecologia*: DOI:10.1007/s00442-016-3635-0

⁴ Ester R. Unnsteinsdóttir og Bruce J. McAdam 2026. Nýtt stofnmat fyrir íslenska refastofninn. Fréttatilkynning Náttúrufræðistofnunar 21.5.2026. <https://www.natt.is/sites/default/files/2026-05/natt-stofnmat-fyrir-islenska-refastofninn-2026.pdf>

Náttúrufræðistofnun hefur útbúið form sem hægt er að nota fyrir grenjaskráningu og er það aðgengilegt á vef stofnunarinnar⁵.

Veiðimenn sem vilja leggja sitt af mörkum til að halda vöktuninni áfram og gera hana sem vandaðasta geta nálgast upplýsingar um meðferð og sendingu refahræja á vef Náttúrufræðistofnunar⁶.”

Áætlanir sveitarfélaga

Nú eru rúmlega 50 sveitarfélög sem stunda skipulagðar veiðar á ref. Upplýsingar eru til um heildarveiði á ref aftur til ársins 1958 og augljósar sveiflur hafa verið í veiðinni sl. áratugi. Frá því að núverandi fyrirkomulag veiða var tekið upp árið 2014 og farið var að gera samninga við sveitarfélög á grundvelli áætlana þeirra þá hafa einnig verið sveiflur í veiðinni.

- Á árunum 2014–2025 voru fæst dýr veidd árið 2015 eða 4.477 dýr en flest árið 2020 alls 7.297 dýr.
- Á sama tímabili hefur raunkostnaður sveitarfélaganna verið alls kr. 1.482.902.310- eða að jafnaði kr. 123.575.193- á ári.
- Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refaveiða 2014–2025 námu alls kr. 321.761.561- eða að jafnaði kr. 26.813.463- á ári

Endurgreiðsla/mótframlag ríkisins á hluta kostnaðar við refaveiðar til sveitarfélaga byggir á því að árlegar fjárveitingar séu tryggðar. Náttúruverndarstofnun gerir samninga um refaveiðar, til þriggja ára í senn, við þau sveitarfélög sem þess óska. Samningurinn byggir á áætlun sveitarfélaga um að lágmarka það tjón til lengri tíma litið sem refurinn er talinn valda á landsvæði viðkomandi sveitarfélaga. Í áætlun sveitarfélags þarf meðal annars að koma fram hvernig áætlunin samrýmist heildaráætlun um refaveiðar, hver þörfin fyrir veiðar sé, hvaða aðilar verða fyrir fjárhagslegu tjóni, hvaða tjón er verið að lágmarka og hvernig best er að haga veiðunum til að lágmarka tillkostnað.

Sveitarfélög geta tekið höndum saman um gerð þessara áætlana þannig að aðgerðir á viðkomandi svæði verða samræmdar. Þannig geta fleiri en eitt sveitarfélag verið aðilar að einum samningi og hvetur Náttúruverndarstofnun sveitarfélög til þess þar sem aðstæður bjóða upp á slíkt fyrirkomulag.

Samningar milli sveitarfélags/félaga og Náttúruverndarstofnunar munu byggja á þessum áætlunum. Með því að gera áætlun til þriggja ára og samninga sem byggja á þeim er hægt að greina betur væntanlegan kostnað sveitarfélagsins og auka fyrirsjáanleika fyrir sveitarfélögin um hversu mikils mótframlags þau geti vænst á tímabilinu 2026–2028.

⁵ https://utgafa.natt.is/handbaekur/Voktun_natturuverndarsvaeda_handbok.pdf

⁶ <https://www.natt.is/is/rannsoknir/rannsokna-og-voktunarverkefni/voktun-refastofnsins/medferd-og-innsending-hraeja>

Náttúruverndarstofnun er heimilt að nýta árlegt fjármagn til málaflokksins til að greiða sveitarfélögunum mótframlag vegna veiðanna, en þó innan fjárheimilda hverju sinni. Í lok hvers árs fær sveitarfélag greitt mótframlag í samræmi við samþykktan samning eftir að tilskildum gögnum hefur verið skilað til Náttúruverndarstofnunar.

Nú hafa 54 sveitarfélög skilað Náttúruverndarstofnun áætlunum sínum um kostnað við refaveiðar 2026–2028.

Sveitarfélögin áætla að kostnaður þeirra vegna refaveiða verði:

- 2026 kr. 215.331.721-
- 2027 kr. 227,628,523-
- 2028 kr. 240.691.126-

Þegar Náttúruverndarstofnun kallaði eftir þessum upplýsingum frá sveitarfélögunum nú í vor var jafnframt spurt um fjölmörg atriði er tengjast refaveiðum. 57 sveitarfélög svöruðu könnuninni en 54 þeirra hyggjast stunda refaveiðar 2026–2028. Hér eru dregin fram þrjú af þeim atriðum sem fram komu í könnuninni.

Mat á þörf refaveiða í sveitarfélaginu:

- Mjög mikil – 27 sveitarfélög
- Mikil – 18 sveitarfélög
- Hvorki né – 8 sveitarfélög
- Lítil – 3 sveitarfélög
- Mjög lítil – 1 sveitarfélag

Mat á tjóni vegna refa í sveitarfélaginu

- Mjög mikið – 6 sveitarfélög
- Mikið – 24 sveitarfélög
- Hvorki né – 14 sveitarfélög
- Lítið – 9 sveitarfélög
- Mjög lítið – 4 sveitarfélög

Áætlað fyrirkomulag refaveiða á samningstíma

- Grenjavinnsla/grenjaleit – 20 sveitarfélög
- Vetrarveiði – 1 sveitarfélag
- Grenjavinnsla og vetrarveiði – 36 sveitarfélög

